

# Aðalstjórnarfundur UMFT

1. mars 2010.

Mættir: Gunnar Þór, Magnús, Elínborg, Jón Daníel og Kristjana fyrir aðalstjórn og fyrir deildirnar mættu Sigurjón Leifsson, Gunnar Sigurðsson, Sigurður Bjarni Rafnsson, Ómar Bragi Stefánsson, Halldór Halldórsson, Jón Ingi Sigurðsson og Snorri Styrkársson.

## Dagskrá:

Ýmis skipulagsmál fyrir félagið og deildir þess.  
Vetrartím  
Íþróttamaður Tindastóls 2009  
Önnur mál  
Starfsbikar UMFT 2009

1. Gunnar Þór formaður byrjaði á að óska eftir ársskýrslum þeirra deilda sem ekki höfðu enn komið sínum skýrslum til aðalstjórnar. Þá fór Gunnar yfir það tölvuumhverfi sem deildum stendur til boða og óskaði hann eftir því að stjórnir deilda félagsins nýttu sér bæði tölvupóstkerfi og bókhaldskerfi sem boðið er upp á. Þannig væri hægt að safna saman á einn stað upplýsingum fyrir stjórnarmenn framtíðarinnar og að með þessu væru upplýsingarnar á einum stað en ekki dreifðar víða hjá þeim einstaklingum sem væru að sinna verkefnum fyrir deildirnar.

Gunnar Þór lagði fram bréf frá Sparisjóði Skagafjarðar þar sem minnt er á atriði í samningi Sparisjóðsins við UMFT um merkingar og auglýsingar á keppnisstöðum og búningum félagsins. Það Gunnar Þór formenn deildanna að tryggja að þessum atriðum væri fullnægt. Einnig áréttaði Sparisjóðurinn að 75% styrksins skyldi varið til barna- og unglíngastarfs hjá UMFT.

2. Gunnar Þór fór næst yfir stöðuna á Vetrartím skráningum fyrir deildirnar. Upplýsti hann að skráningar þar yrðu grunnurinn að skiptingu styrkja sem félagið fengi og þess vegna væri mikilvægt fyrir deildirnar að sjá til þess að þeirra iðkendur yrðu skráðir í Vetrartím kerfið óháð því hvort að deildirnar nýttu kerfið til að innheimta fyrir sig þátttökugjöld hjá iðkendum. Í framhaldi af þessari umræðu var farið yfir stöðu á styrkveitingum til félagsins og væntanlegum útgreiðslum á þeim.
3. Kosning á íþróttamanni Tindastóls 2009. Tilnefnd af deildum félagsins eru þau : Aðalsteinn Arnarson af knattspyrnudeild, Ísak Einarsson af körfuknattleiksdeild, Gauti Ásbjörnsson af frjálsíþróttadeild, Sunneva Jónsdóttir af sunddeild og Hugrún Magnúsdóttir af skíðadeild.

Ísak Einarsson hlaut felst atkvæði og er því kjörinn íþróttamaður Tindastóls 2009.

4. Undir liðnum önnur mál urðu líflegar umræður um hvort og hvernig hægt sé að sameinast um einn starfsmann fyrir allar deildir félagsins svo og hvaða verkefni slíkur starfsmaður ætti að inna af hendi . Aðalstjórn óskar eftir því við stjórnir deildanna að þær skoði hvaða verkefni þær myndu vilja fela þessum starfsmanni og koma þeim hugmyndum til aðalstjórnar þannig að hún geti metið hvert umfangið er.

5. Ýmsar tillögur komu um hver skildi hljóta starfsbikar UMFT 2009. Samhljóma niðurstaða aðalstjórnar var að Jóhann H. Sigmarsson skildi sæmdur þessum titli fyrir árið 2009.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.